



STARFSLEYFI

Pharmarctica ehf

Kt. 481102-2270

Lundsbraut 2.

Grenivík

Starfsleyfið gildir fyrir eftirfarandi starfsemi: **Pökkun og framleiðsla á vítamínum og steinefnum, framleiðsla og pökkun á snyrtivörum, pökkun og dreifing matvæla. Lundsbraut 2, 610 Grenivík.**

Rekstraraðili er Sænes ehf, kt. 420393-2299

Leyfið er veitt í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni með síðari breytingum.

Leyfishafi skal hlíta ákvæðum reglugerða sem settar eru samkvæmt fyrrgreindum lögum.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda.

Starfsleyfis skilyrðin koma fram í ákvæðum EB reglugerðar um hollustuhætti í matvælafyrirtækjum nr. 852/2004 og í meðfylgjandi samræmdum starfsleyfis skilyrðum fyrir verslun með merkingarskyldar efnavörur, þar með taldar snyrtivörur. Jafnframt skal fylgja reglum um merkingar matvæla nr 503/2005 og fæðubótarefna samkvæmt reglugerð nr. 624/2004 með síðari breytingum.

Starfsleyfið var samþykkt á fundi Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra þann 7. apríl 2010 og gildir til tólf ára eða til 7. apríl 2022.

Starfsleyfið er háð því að farið sé eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, m.a. að virkt innra eftirlit sé í fyrirtækinu.

Ef breytingar verða á starfseminni skal hafa samráð um það við heilbrigðiseftirlitið og starfsleyfið þá endurskoðað með tilliti til þess. Framsal þessa leyfis er óheimilt.

Starfsleyfið skal jafnan endurskoðað á fjögurra ára fresti en er auk þess ávallt til endurskoðunar við hverja skoðun heilbrigðiseftirlits á fyrirtækinu.

Akureyri, 8. apríl 2010.

Valdimar Þrynjólfsson
framkvæmdastjóri.